

## Stjórnarfundur FASK

21. Fundur 8. Maí 2023 kl 8:00

**Mættir: Haukur Ingi Einarsson, Ágúst Elvarsson, Óskar Arason, Tinna Rut Sigurðardóttir og Laufey Guðmundsdóttir.**

**Fundurinn haldinn í húsnæði Glacier Journey - Víkurbraut:**

### 1. Kynning á störfum FASK

Haukur bauð Óskar Arason og Tinna Rut Sigurðardóttir velkomin á fyrsta fund stjórnar FASK. Kynnt voru helstu málefni sem FASK vinnur að.

### 2. Stjórn skiptir með sér verkum

Laufey bar upp tillögu að stjórn skiptir með sér verkum og að Haukur Ingi Einarsson verði áfram formaður og Tinna Rut Sigurðardóttir verði gjaldkeri. Haukur gerði grein fyrir því að hann óski eftir að eftir þetta ár taki annar aðili við formennsku. Stjórn FASK samþykkti tillögu Laufeyar samhljóða.

### 3. Samningar - Atvinnutengd starfsemi:

Umræður sköpuðust um atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs og gerð samninga við rekstraraðila. Stjórn FASK var sammála um að koma málinu í formlegt ferli meðal ferðaþjónustuaðila á svæðinu og óska eftir samtali við SVH um að kynna málið fyrir nefndum sveitarfélagsins og boða til íbúafundar um málefni ferðaþjónustunnar á komandi misserum. Samþykkt að stjórnarmenn sendi inn þeirra hugleiðingar að framtíðarsýn ferðamála fyrir Austur Skaftafellssýslu n.k miðvikudag og að boðað verði til félagsfundar um málefni ferðaþjónustunnar 23. Maí n.k og að niðurstöður og umræður þeirra fundar verði sent inn til SVH til meðferðar í kjölfarið.

### 4. Fréttáflutningur - Utanvegaakstur

Haukur kynnti málið og drög að bréfi til forsvarsmanna VJP og svæðisráðs Suðursvæðis. Stjórn FASK samþykkir að bréfið verði sent til framkvæmdastjóra þjóðgarðsins og óskað eftir fundi til að fara yfir málið.

**Fundi slitið 09:15**